

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð fyrir Vatnsveitu Sauðárkrókskaupstaðar nr. 50 19. febrúar 1976.

Aftan við 19. gr. bætist ný málsgrein svohljóðandi:

„Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum innan lögsagnarumdæmis Sauðárkróksbæjar. Sé um óskipulagt svæði að ræða, eða aðstæður óvenjulegar, er heimilt að krefjast sérstaks aukagjalds af húseiganda eða gera honum að greiða fyrir heimtaugina samkvæmt kostnaði, en gera skal honum aðvart um það fyrirfram.“

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Sauðárkrókskaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 16. júlí 1982.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

AUGLÝSING

um umferð á Breiðdalsvík.

Að fengnum tillögum hreppsnefndar Breiðdalshrepps hefur eftirfarandi verið ákveðið:

1. Umferð um Sæberg víki fyrir umferð um Ásveg og Sólvelli.
2. Umferð um Selnes norðan gatnamóta Selness og Sólvalla víki fyrir umferð um Sólvelli og Selnes sunnanvert.
3. Bannað er að leggja ökutækjum á vesturbrún Ásvegar.
4. Bannað er að leggja ökutækjum á austurbrún Ásvegar 50 metra frá gatnamótum Ásvegar og Sólvalla.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40 frá 23. apríl 1968 og koma til framkvæmda þegar í stað.

Sýslumaðurinn í Suður-Múlasýslu, 20. júlí 1982.

Bogi Nilsson.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt tillögum borgarráðs verða bifreiðastöður norðan megin á Skólavörðustíg, milli Bergstaðastrætis og Laugavegar, bannaðar.

Jafnframt eru felld úr gildi ákvæði 3. töluliðs auglýsingar um umferð í Reykjavík frá 22. október 1981.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 21. júlí 1982.

Sigurjón Sigurðsson.